DV Um helgina

Súlnasalur Hótel Sögu:

Þjóðarspaug í 30 ár

Ómar Ragnarsson verður aðalstjarnan á skemmtidagskrá sem Hótel Saga ætlar að bjóða landsmönnum upp á um helgar á næstunni. Nefnist dagskráin Þjóðarspaug í 30 ár og mun fara fram hárnákvæm söguskýring Ómars og hans manna á atburðum líðandi stundar.

Þrjátíu ár er sá tími og rúmlega það sem Ómar hefur verið í sviðsljósinu og vinsældir hans hafa verið miklar allan þann tíma. Hann hefur ávallt verið í sviðsljósinu öll árin, hvort sem hann hefur verið í hlutverki grínarans eða sjónvarpsmannsins. Það má eiginlega segja að Þjóðarspaugið sé úttekt á mönnum og tíðaranda þessara ára. Ómar er og verður æringi, tekur hin þekktu bakföll sín og þeysir með áhorfendur aftur í tímann og fram og er honum ekkert heilagt, engum hlíft, höfðingjar reynast hrekkjalómar og kennimenn kroppar.

Ómar nýtur aðstoðar úrvalsfólks. Hemmi Gunn verður ábyggilega með eitthvað í pokahorninu. Þá mun Helga Möller einnig aðstoða og Haukur Heiðar sem hefur verið undirleikari hjá Ómari í mörg ár. Leynigestur verður í hvert skipti sem skemmtunin fer fram og hljómsveitin Einsdæmi heldur uppi dúndrandi fjöri langt fram á nótt.



Eitt af málefnum líðandi stundar sem Ómar Ragnarsson gerir grín af í Þjóðarspaugi sínu er bjórinn. Hér er hann ásamt Ragnari Bjarnasyni að syngja bjórnum til dýrðar.

Skemmtunin er með mat og er val á réttum. Miðaverðið er 3600 fyrir manninn. Sértilboð frá Hótel Sögu er aðgöngumiði með mat og gisting í eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunmat fyrir kr. 5150 kr. Gildir það tilboð jafnt fyrir borgarbúa sem og utanbæjarmenn.

Stjórnandi skemmtunarinnar er Björn Björnsson. Árni Scheving sá um útsetningar á tónlist.

-HK

Kjarvalsstaðir:

Tvær sýningar íslenskra nútímalistamanna

Teikningar 1972–1988 er yfirskrift sýningar á verkum eftir Kristján Guðmundsson og er þetta önnur tveggja sýninga á Kjarvalsstöðum.

Kristján var á sínum tíma einn helsti fulltrúi SÚM-hópsins og einna fyrstur til að tileinka sér myndmál og aðferðir konseptlistarinnar í byrjun áttunda áratugarins. Á síðustu árum hefur Kristján opnað fyrir þátttöku áhorfandans í verkum sínum, líkt og fleiri konseptlistamenn áttunda áratugarins, og boðið honum að njóta fagurfræðilegra unaðssemda myndverksins.


Sýning Kristjáns að Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 11 til 18 og stendur til 12. febrúar.

Myndlist Halldórs Ásgeirssonar, en hann sýnir í austursal og á gangi Kjarvalsstaða, byggist á sjónrænu hugarflæði sem hann skráir ósjálfrátt niður. Efniviðurinn er tekinn úr umhverfi og lífsreynslu listamannsins hverju sinni og eru ferðalög meðal annars ríkur þáttur í hinni sjónrænu upplifun, hvort sem auga og penni ferðast um óbyggðir Íslands eða sigla upp ána Níl.

Halldór Ásgeirsson er fæddur 1956 og nam myndlist við Parísarháskóla nr. 8 á árunum 1977–'80 og 1983–'86. Þetta er sjötta einkasýning Halldórs á Íslandi en hann hefur sýnt og starfað að myndlist undanfarin ár bæði heima og erlendis.



Myndverk eftir Kristján Guðmundsson.



Myndverk eftir Halldór Ásgeirsson.

Veitingahús vikunnar:
Uppinn
– sjá bls. 18

Norræn fegurð
– sjá bls. 19

Hvar verður Sniglabandið um helgina?
– sjá bls. 19

Vorið kallar
– sjá bls. 22

Tvær sýningar Nýlistasafni
– sjá bls. 29

Njósnari af lífi og sál
– sjá bls. 21

Hvað er í bíó um helgina?
– sjá bls. 30

Hættuleg kynni
– sjá bls. 32

Ísland–Noregur og meira um íþróttir
– sjá bls. 31